

Snocross reglur MSÍ

2023 – 2024

EFNISYFIRLIT

FORMÁLI.....	5
FLOKKAR OG FLOKKASKIPTING.....	6
ÍSLANDSMEISTARAMÓT	6
FLOKKAR.....	6
ALMENNAR REGLUR FLOKKA.....	7
STIG TIL ÍSLANDSMEISTARA Í FLOKKUM.....	8
HLUTVERK KEPPNISSTJÓRNAR/KEPPNISHALD	8
KEPPNISSTJÓRN.....	8
ALMENNT KEPPNISHALD	9
MÓTSSVÆÐI & PITTUR	10
SKYLDUR KEPPNISHALDARA GAGNVART MÓTSSVÆÐI OG PITT.....	10
LÝSING BRAUTAR OG KRÖFUR.	11
FLÖGG	12
ALMENNAR REGLUR.....	15
ÖKUMAÐUR OG SLEÐI	15
SKRÁNING Í KEPPNI	15
ÁBYRGÐ ÖKUMANNS Á AÐSTOÐARMÖNNUM.....	15
ÖKUMANNSFUNDUR.....	16
SKOÐUN.....	16
SNOCROSS REGLUR.....	16
REFSINGAR Á RÁSLÍNU	16
SNOCROSS.....	16
HINDRUN OG VÍTAVERÐUR AKSTUR.....	18
DÆMA MÁ ÖKUMENN ÚR LEIK FYRIR:	18

MERKJAGJÖF	19
SLASAÐIR ÖKUMENN/SKEMMDIR SLEÐAR.....	19
ENDURRÆSING KEPPNI.....	19
BRAUT YFIRGEFIN	20
LOK KEPPNI	20
STIGAGJÖF.....	20
VERÐLAUN/VIÐURKENNINGAR.....	21
ÖKUMAÐUR	21
KRÖFUR KEPPNISSLEÐA	21
TÍMATÖKUSENDAR	22
SKYLDUR KEPPENDA.....	22
ÖRYGGISBÚNAÐUR ÖKUMANNA	23
AUÐKENNI ÖKUMANNA NÚMER OG MERKI	24
KEPPNISMERKINGAR/AUGLÝSINGAR.....	24
FRAMFERÐI Á KEPPNISSTAÐ	25
LYFJAEFTIRLIT	25
BREYTINGAR/TÚLKUN	25
REGLUR UM SLEÐA	25
VÉL.....	25
DRIF	26
FRAMFJÖÐRUN OG STÝRING	26
STJÓRNTÆKI	26
LJÓS	26
SKÍÐI	26
BÚKKAFJÖÐRUN.....	27
BELTI OG SPYRNA	27

GRIND OG SKROKKUR	27
RAFKERFI OG KVEIKJA.....	28
ELDSNEYTI	28
SKYLDU NIÐURRIF	28
ÚRSLIT/KÆRUR/ÁFRÝJANIR.....	29
 ÚRSLIT.....	29
 KÆRUR/ÁFRÝJANIR	29
STJÓRN SNOCROSSNEFNDAR MSÍ.....	29



FORMÁLI

Reglur þessar eru skrifaðar í samræmi við ISOC reglugerðina, ásamt viðmiðun við snocross reglur sem voru í gildi árið 2022 og áður. Þær eru hugsaðar sem regluverk fyrir keppendur, keppnishald og allt sem því viðkemur. **Öllum** keppendum ber skylda að kynna sér þessar reglur og fylgja þeim eftir.

Markmið þessar reglugerðar er að koma skýrum reglum og tilmælum til allra sem hafa hug á að stunda snocross á Íslandi.

Ökumaður ber ábyrgð á að keppnistæki uppfylli allar öryggiskröfur og sé tryggt öllum stundum, það er **ekki** ábyrgð MSÍ að greina öll reglubrot við hverja skoðun á keppnistæki

Ef einhverjar spurningar eru er bent á að hafa samband við MSÍ.

msi@msisport.is

Þessi reglugerð var skrifuð 10.10.2023 Allar reglur eru gerðar með fyrirvara um breytingu, upplýsingar um breytingar má finna á mot.msisport.is, eða á Facebook síðu MSÍ. Það er á ábyrgð keppanda að kynna sér allar breytingar á reglugerð að hverju sinni, MSÍ áskilur sér rétt til þess að breyta þessari reglugerð fyrirvaralaust, sé talin þörf á því.

Til þess að keppa í mótarið/bikarmóti á vegum MSÍ þarf einstaklingur að vera skráður í MSÍ eða akstursíþróttaklúbb innan MSÍ. Það er gert á

<https://www.mot.msisport.is>

MSÍ.

FLOKKAR OG FLOKKASKIPTING

ÍSLANDSMEISTARAMÓT

Sé haldið bikarmót er heimilt að nota sömu flokkaskiptingu og í Íslandsmeistaramóti.

FLOKKAR

PRO

- Vélarstærð: 600cc
- Aldur: 17 ára+
- Keppnisfyrirkomulag: Þrjú (3) riðlar, 4 mínútur + 2 hringir hver
- Verðlaun: Verðlaun eru veitt fyrir þrjú efstu sæti yfir heildina
- Stigagjöf: Skv. reglum MSÍ – Stig fyrir Pro flokk telja til Íslandsmeistara

SPORT

- Vélarstærð: 600cc
- Aldur: 14 ára+
- Keppnisfyrirkomulag: Þrjú (3) riðlar, 4 mínútur + 2 hringir
- Verðlaun: Verðlaun eru veitt fyrir þrjú efstu sæti yfir heildina
- Stigagjöf: Skv. reglum MSÍ – Stig fyrir Sport flokk telja til Íslandsmeistara
- Íslandsmeistari færir sig upp um flokk

35+

- Vélarstærð: 600cc
- Aldur: 35 ára+
- Keppnisfyrirkomulag: Þrjú (3) riðlar, 4 mínútur + 2 hringir
- Verðlaun: Verðlaun eru veitt fyrir þrjú efstu sæti yfir heildina
- Stigagjöf: Skv. reglum MSÍ – Stig fyrir 35+ flokk telja til Íslandsmeistara

BYRJENDAFLOKKUR

- Vélarstærð: Ótakmörkuð
- Aldur: 17 ára+
- Keppnisfyrirkomulag: Þrjú (3) riðlar, 4 mínútur + 2 hringir
- Verðlaun: Verðlaun eru veitt fyrir þrjú efstu sæti yfir heildina
- Stig fyrir Byrjendaflokk telja **ekki** til Íslandsmeistara
- Íslandsmeistari færir sig upp um flokk

KVENNAFLOKKUR

- Vélarstærð: Ótakmörkuð
- Aldur: 14 ára+
- Keppnisfyrirkomulag: Þrjú (3) riðlar, 4 mínútur + 2 hringir
- Verðlaun: Verðlaun eru veitt fyrir þrjú efstu sæti yfir heildina
- Stigagjöf: Skv. reglum MSÍ – Stig fyrir Kvinnaflokk telja til Íslandsmeistara

UNGLINGAFLOKKUR

- Vélarstærð: 440 – 600cc
- Aldur: 13(14 ára á árinu) – 16 ára (17 ára á árinu)
- Keppnisfyrirkomulag: Þrjú (3) riðlar, 4 mínútur + 2 hringir
- Verðlaun: Verðlaun eru veitt fyrir þrjú efstu sæti yfir heildina
- Stigagjöf: Skv. reglum MSÍ – Stig fyrir Unglingaflokk telja til Íslandsmeistara

ALMENNAR REGLUR FLOKKA

1. Hægt er að fella út eða sameina flokka séu fjórir eða færri skráðir þegar skráningu lýkur.
2. Sleði má keppa í fleiri en einum flokk ef hann stenst skoðun og reglur flokksins.
3. Unglingar (14 ára á árinu) verða að hafa skrifleg samþykki foreldra/forráðamanns.
4. Í öllum flokkum er gerð krafa um keppnis viðauka tryggingu.

5. Keppnisstjóra er heimilt að færa menn upp eða niður um flokk ef þörf krefur.
6. Ökumaður skal hafa réttindi til aksturs sleðans (sjá reglugerð Dómsmálaráðuneytis)
7. Aldurstakmark í unglingsflokk er eftirfarandi, 13 ára en verður 14 ára á árinu er heimiluð þátttaka, sama gildir um 16 ára, 16 ára en verður 17 á árinu.

STIG TIL ÍSLANDSMEISTARA Í FLOKKUM

- Stig til Íslandsmeistara er ekki hægt að taka með sér milli flokka.

HLUTVERK KEPPNISSTJÓRNAR/KEPPNISHALD

KEPPNISSTJÓRN

Ákvörðun keppnisstjóra er endanleg.

1. Keppnisstjóri er ábyrgur fyrir allri framkvæmd á keppni. Hann hefur endanlegt ákvörðunarvald varðandi allt sem snýr að keppninni, keppnisaðstæðum og hönnun.
2. Keppnisstjóri er málsvari keppnisstjórnar varðandi brot á reglum. Hann getur vísað mönnum úr keppni og af keppnissvæði.
3. Keppnishaldarar (aðildarfélög) skulu taka á öðrum brotum en þeim sem falla beint undir keppnisstjóra.
4. Keppnisstjóri skal geta sýnt fram á hver hann/hún er.
5. Endanleg úrslit skulu vera undirrituð af keppnisstjóra, afrit afhent keppnishaldara til birtingar og dreifingar.
6. Skoðunarmaður skal beita viðurkenndum skoðunaraðferðum og víkja sé hættu á hagsmunaárekstrum.
7. Keppnisstjórn verður að vera með hlutlaust sjónarmið. Ef að hagsmunarárekstrar verða skal næstráðandi taka ákvörðun (brautarstjóri)
8. Keppnisstjóri getur aflýst keppni vegna öryggis keppenda eða áhorfenda og skal þá ákvarða úrslit ef einhver eru. Hann getur stýtt keppni vegna öryggisástæðna en skal láta keppendur vita með fyrirvara.

9. Keppnisstjóri metur áreiðanleika tímatökubúnaðar.
10. Fjöldi keppenda sem getur verið í braut að hverju sinni er ákveðinn af keppnisstjóra.
11. Verði óhapp skal skoðunarmaður/öryggisfulltrúi úrskurða hvort umræddur sleði uppfylli öryggisatriði til endurræsingar.

ALMENNT KEPPNISHALD

1. Keppnisstjóri skal skilyrðislaust halda fund með starfsmönnum keppinnar og upplýsa þá um hvaða starfi þeir gegna.
2. Keppnisstjóri skal einnig skilyrðislaust halda keppendafund.
3. Sé keppandi/einstaklingur ósammála keppnisstjórn verður hann að tala sínu máli við keppnisstjóra eingöngu og með viðeigandi hætti. Aðrir brautarstarfsmenn sinna öðrum störfum og skyldum. Slæmt framferði keppanda/einstaklings við almenna starfsmenn er grundvöllur fyrir umsvifalausri brottvísun af keppnisvæði. Þetta er mótarmót atvinnumanna og ætlast er til að allir þátttakendur hegði sér samkvæmt því. Að því gefnu að mótmæli séu ljós og sé komið fram með viðeigandi hætti verða þau tekin til greina að hálfu keppnisstjórnar ef þau eiga við rök að styðjast.
4. Keppendum og aðstoðarmönnum þeirra er, að viðlagðri brottvísun, óheimill aðgangur að stjórnstöð á meðan keppni stendur yfir, nema keppnisstjóri heimili annað. Aðeins keppendur mega koma með athugasemdir við keppnisstjóra eða fulltrúa hans, áður en keppnisgreinar hefjast, eða eftir að þeim er lokið skv. ákvörðun keppnistjórnar.
5. Mótshaldari skal hafa búnað til að fjarlægja sleða úr braut.
6. Mótshaldari skal sjá til þess að farartæki sé á keppnisstað til að flytja keppanda ef hann slasast. (Björgunarsveit, sjúkrabíll.)
7. Mótshaldara ber skylda að útvega starfsfólk í allar stöður á keppnisdegi. Þær eru eftirfarandi.
 - Keppnisstjóri.
 - Pittstjóri.
 - Öryggisfulltrúi.
 - Brautarstjóri

- Skoðunarmaður.
- Startari
- Flaggari á endapall.
- Flaggara á öll hættusvæði.

8. Slökkvitæki A B C gerðar amk. 5 kg skulu vera á keppnisstað.

MÓTSSVÆÐI & PITTUR

SKYLDUR KEPPNISHALDARA GAGNVART MÓTSSVÆÐI OG PITT

1. Gert skal ráð fyrir pitt við hlið eða nálægt braut, stærð á pitt þarf að vera í samræmi við fjölda keppenda.
2. Keppnishaldari skal útvega svæði til prufuaksturs ef aðstæður leyfa. Það skal vera hindrunarlaus slóð með bremsu kafla í enda. Áhorfendur eru bannaðir á þessu svæði.
3. Gera þarf ráð fyrir akstursleið frá pitt að braut, með tilliti til þess að áhorfendur séu ekki í hættu.
4. Tryggja skal amk. 10 metra öryggissvæði í kringum keppnisbraut.
5. Merkja skal áhorfendasvæði vel.
6. Nauðsynlegt er að klósett aðstaða sé á mótssvæði.
7. Allur hraðakstur utan brautar eða prufusvæðis er **stranglega bannaður**, brot á þessari reglu varðar brottrekstur af mótssvæði.
8. Bannað er að aka (sleða) um svæðið öðruvísi en með hjálm á höfðinu þetta á við um **ALLA** sem hafa hug á að aka um svæðið, brot á þessari reglu varðar einnig brottrekstur af mótssvæði.
9. Heimilt er að nota upphitunarstand til að hita sleða bæði í pitt og á rássvæði,
 - a. Standurinn skal vera búinn hlífum sem hindra að hlutir sem kunna að losna úr beltinu skjótist burt, Standurinn þarf að lyfta beltinu a.m.k. 20 cm frá jörðu og vera búinn stöðugleikastyrkingu til að tryggja að hann uppfylli öryggiskröfur.



- b. Bannað er að gefa sleða í botn á upphitunarstandi, miðað er við að sleði sé á breytilegum snúning (inngjöfinni gefið í og svo slegið af síendurtekið) upp að hámark 80% gjöf.
- c. Neyðarádrepara snúra þarf að vera tengd öllum stundum þegar sleðinn er í gangi á upphitunarstandi.

10. Allar viðgerðir eru leyfðar inn í pít.

LÝSING BRAUTAR OG KRÖFUR.

1. Braut skal vera merkt skýrt og greinilega
2. Mælt er til þess að breidd brautar sé ekki minni en 10 metrar en hún þarf engu síður að vera 8 metrar að lágmarki, aksturstími brautar skal vera u.þ.b. 30-55 sek
3. Gera þarf ráð fyrir ráslínu/starti í braut, amk 15m á breidd. Á ráslínu telst sleðabreidd vera 1,5m. Start skal að lágmarki vera 50m langt.
4. Öryggisskoðun brautar skal fara fram fyrir keppni og lagfæringar gerðar ef þurfa þykir. Keppnisstjóri framkvæmir þessa skoðun ásamt brautarstjóra
5. Skylt er að nota upphitunarpalla þegar hreinsa á vél eða belti í uppröðunar- og/eða á rássvæði
6. Auðkenna skal staðsetningu tímatökubúnaðar í braut með stikum beggja vegna brautar
7. Aðstaða fyrir endamarksflaggara skal vera við tímatökulínu. Ekki er heimilt að flagga út fyrir framan endalínu og að hámarki má flagga út 5m fyrir aftan staðsetningu tímatökulínu

FLÖGG

Ökumaður **SKAL** hafa góðar gætur á flöggum út alla keppnina.



Grænt flagg - Braut er greið og keppni er í gangi.



Gult flagg – Gult flagg þýðir að hætta sé í braut, ökumaður skal aka varlega þar til hann kemur auga á hættuna sem er í braut, og fara sem allra öruggasta leið framhá atviki. Hættusvæði er skilgreint frá flaggi og að slysi/atviki.

Framúarkstur bannaður. Allur framúrakstur er bannaður á gulu flaggsvæði, Gult flagg er merki um að hætta sé í braut og því mikilvægt að aka varlega á flaggsvæði til þess að skapa ekki óþarfa hættu, brautarstarfsmenn eru líklega í braut að aðstoða við atvik og því stranglega bannað að etja kappi á flaggsvæði Gerist keppandi sekur um að aka frammúr fær hann tækifæri til þess að leiðrétt mistök sín á næsta hring og hleypa framúr sér aftur, sé það ekki gert er keppandi dreginn niður um 3 sæti í lok riðils, eða keppanda vísað úr riðli sé brotið talið alvarlegt af keppnisstjóra.

Bannað að stökkva Undir öllum kringumstæðum er stranglega bannað að stökkva á gulu flaggsvæði, sé stokkið á gulu flaggi eru sjálfkrafa dregin 4 stig af keppanda, sé brotið talið gáleysislegt eða að það stofni öðrum í mikla hættu þá er ökumanni fyrirvaralaust sýnt opið svart flagg og gert að yfirgefa brautina.

Forskot grætt undir gulu flaggi Gerist ökumaður sekur um að græða tíma eða auka forskot sitt á mótherja undir gulu flaggi er keppnisstjórn heimilt að refsa ökumanni fyrir það. Miðað er við að ökumaður græði ekki meira en eina sleðalengd á mótherja, allt yfir þeirri lengd er hugsað sem brot á þessari reglu. Engin afskipti eru höfð af þeim sem græðir forskot undir gulu flaggi og lætur það eftir tafarlaust. Það er á ábyrgð keppanda að vita upp á sig sök og haga sér eftir því. Gerist ökumaður sekur um brot er hann dreginn niður um 3 sæti í lok riðils. Tekið er tillit til þess ef t.d ökumaður hægir óþarflega mikið á sér eða stöðvar jafnvel í braut.



Rautt flagg - Keppni er stöðvuð umsvifalaust! Óháð staðsetningu ökumanns í braut, hægið og stöðvið með varúð, óvíst er hvort ökumenn aftan við þig hafa séð rauða flaggið. Ökumenn safnast saman við endapall þar til skýring á rauðu flaggi er orðin ljós. Endurræsingarröð ökumanna fer eftir síðasta hring sem keppnisstjórn taldi gilda. Enga vinnu má framkvæma á vélbúnaði án heimildar keppnisstjórnar, sé vélarhlíf lyft er litið á það sem brot á þessari reglu og sá ökumaður sem braut regluna fer aftur fyrir.



Blátt flagg - Flagg sem sýnt er sleðum sem verið er að hringa. Ökumaður skal alltaf vera viðbúinn því að annar sleði aki framúr og skal því hafa gætur á sleðum sem nálgast aftan frá. Ökumenn eiga ekki að hindra eða tefja ökutæki í framúrakstri. Hægfara ökumenn eiga að víkja fyrir sleðum sem taka framúr.



Hvítt flagg - Ökumenn hafa ekið af stað í þeirra síðasta hring.



Svart flagg - Upprúllað svart flagg táknar viðvörðun, annaðhvort bilun á vélbúnaði eða brotlegt framferði ökumanns. Sé því beint að þér er það viðvörðun, engu máli skiptir hvaða framferði hefur vakið athygli keppnisstjórnar. Það að þér er sýnt svarta flaggið þýðir **EKKI** að þú sért samstundis úr keppni, það þýðir að þú hafir brotið af þér og fáið tækifæri til þess að leiðrétta þín mistök. Opið flagg þýðir **tafarlaus brottvísun** úr riðil. Keppanda ber að gefa sig fram við keppnisstjóra til þess að fá skýringu á broti sínu og úrskurð um hvort hann megi halda keppni áfram í næsta riðil eða sé dæmdur úr keppni.



Köflótt flagg - Keppni er lokið, aktu umsvifalaust að tæknisvæðinu. Það má krefja þig um að stöðva vegna tækniskoðunar að keppni lokinni.

ALMENNAR REGLUR

ÖKUMAÐUR OG SLEÐI

Ökumaður og sleði hans eru talin ein heild, óheimilt er að skipta um sleða á milli riðla. Undantekning er gerð ef sleðinn sem nota á í staðinn hafi verið skoðaður í byrjun dags og hafi þar tilgerðar tryggingar, ásamt því að leyfi þarf að fást hjá keppnisstjóra.

SKRÁNING Í KEPPNI

- Skráningu lýkur á fimmtudegi kl 23:59 fyrir keppnishelgi. Skráning er á vef MSÍ www.msisport.is
- Keppnishaldara er skylt að auglýsa skráningu og fund með keppendum. Á fundinum verða öll keppnisgögn birt og annað er keppnina varðar upplýst.
- Keppendur skulu framvísa öku- og keppnis/félagsskírteini ásamt tryggingaviðauka við skráningu, eða í allra síðasta lagi við skoðun.

ÁBYRGÐ ÖKUMANNS Á AÐSTOÐARMÖNNUM

Ökumaður ber ábyrgð á aðstoðarmönnum sínum, verði þeir til vandræða sætir ökumaðurinn refsingu og má dæma hann úr leik.

ÖKUMANNSFUNDUR

Haldnir eru fundir þar sem ökumönnum er skylt að mæta þar sem keppnisstjórn upplýsir keppendur um legu brautar o.fl. Fundur þessi er haldinn í byrjun dags.

SKOÐUN

Skoðun keppnissleða fer fram í byrjun dags samkvæmt dagskrá keppinnar.

SNOCROSS REGLUR

REFSINGAR Á RÁSLÍNU

1. Gróft þjófstart → endurræsing
2. Eftir að 5 sek skiltið er komið á loft telst öll hreyfing á sleða vera þjófstart, ef sleðinn hreyfist á þessum tíma fær ökumaður tækifæri til þess að hleypa öðrum ökumönnum fram úr sér áður en hann klárar fyrsta hring. Sé það ekki gert er hann umsvifalaust færður niður um 5 sæti í þeim riðil.
3. Verði ökumaður valdur að endurræsingu ber honum skylda að færa sig fyrir aftan fremstu rásröð og koma sér aftan við annan sleða. Óheimilt er að ræsa á auðu plássi.
4. Sé ökumaður ábyrgur fyrir þjófstarti tvisvar er honum gert að fjarlægja ádreparasnúru sína og halda henni á lofti þegar ræst er, um leið og ræst er má ökumaður tengja ádreparasnúru sína, ræsa sleðann og hefja keppni.
5. Óheimilt er að mæta með fleiri en einn aðstoðarmann á ráslínu
6. Óheimilt er að spóla úr belti á ráslínu (skal gerast lágmarki 10m fyrir aftan ráslínu)

SNOCROSS

1. Hver riðill skal taka ca. 6-10 mín í meistaraflokki, en má vera minna í öðrum flokkum. Þegar fyrsti keppandi kemur í mark þá ljúka allir keppendur keppni eftir að hafa ekið í gegnum endamark.
2. Uppröðun á ráslínu í fyrsta riðil ræðst af tímatöku, niðurstaða í fyrsta riðil

ræður svo uppröðun fyrir annan riðil og sama gildir um annan til þriðja riðil.

3. Ráshlið skal vera fyrir utan braut, en mark skal vera í brautinni.
4. Í ráshliði er strengd lína sem sleðar leggja að, hún er fjarlægð fyrir ræsingu. Eftir að línan hefur verið fjarlægð mega keppendur ekki hreyfa sleðana.
5. Ræsir skal standa hægra megin við braut ca. 30 til 40 m frá ráslínu. Hann sýnir fyrst 15 sek. merki, síðan 5 sek. merki fyrir ræsingu. Ræst skal með því að lyfta flaggi frá lóðréttri stöðu eða notast við ljósabúnað. Raðari gefur ræsi merki með grænu flaggi/ljósi þegar ræsing er heimil.
6. Raðari stillir sleðum upp á ráslínu og dæmir þjófstart ásamt ræsi
7. Ökumaður má lyfta hendi ef bilun kemur fram á ráslínu. Ræsir bíður að hámarki í 2 mínútur til að gefa ökumanni kost á lagfæringu.
8. Ef ráshlið er ekki nægilega breitt fyrir samhliða ræsingu þá ræsa stígalægri ökumenn aftan við.
9. Beygjur í braut skulu afmarkaðar með hliðum, sem staðsett skulu utan ruðninga.
10. Aki keppandi niður stiku/hlið skal hún vera reist aftur af starfsmanni, ef sami ökumaður gerir þetta aftur er heimilt að svartflagga aðvörðun, eða svartflagga út úr riðil.
11. Yfirbrautarvörður sér um að koma upplýsingum í stjórnstöð frá brautarvörðum.
12. Allir sleðar skulu stöðva við rautt flagg. Ræsir gefur ökumönnum til kynna hvenær á að færa sleðana og lætur þá fara hægt aftur á ráslínu.
13. Keppandi sem veldur því að hefja þarf keppni á ný eða hver sá keppandi sem ófær er um að snúa umsvifalaust aftur að ráslínu er settur afturfyrir byrjunarröðina.
14. Sé keppni endurræst eftir meira en einn hring verða keppendur ræstir hver á eftir öðrum. Keppendur skulu vera komnir að ráslínu innan 2 mín. sé endurræst.
15. Keppni skal hafin á ný þar sem síðasti talni hringur endaði. Hafi aðeins einn hringur, eða minna verið ekinn, skal endurræst.
16. Stranglega bannað er að ýta vélsleða í gagnstæða átt við keppnina. Snúist sleði við í braut má ökumaður snúa honum við til að halda áfram keppni að því tilskildu að brautin sé auð.

17. Keyrt út úr braut/ekið aftur inn í braut. Ef ökumaður lendir utan brautar á einn hátt eða annan er honum skylt að aka aftur inn í braut á sem öruggastan hátt án þess að græða sæti né tíma á mótherja. Það er á ábyrgð ökumanns að aka inn í braut á öruggum stað þó það kosti hann sæti eða tíma í keppni, ökumaður sem ekur inn í braut á gáleysislegann hátt verður refsað af keppnisstjóra annaðhvort með stigafrádrætti eða vísun úr riðil.

HINDRUN OG VÍTAVERÐUR AKSTUR

Keppnisstjóri getur dæmt menn úr leik eða refsað með stigafrádrátt fyrir eftirfarandi:

1. Fyrir að hindra hraðari sleða vísvitandi.
2. Fyrir samkeyrslur.
3. Fyrir að aka í veg fyrir aðra.
4. Allan hættulegan og vítaverðan akstur.
5. Fyrir óíþróttamannslega framkomu á og við braut.

DÆMA MÁ ÖKUMENN ÚR LEIK FYRIR:

1. Að aka án húdds eða hlífa á réttum stöðum.
2. Að aka á vítaverðan hátt.
3. Að aka án keppnisnúmera sinna á réttum stöðum.
4. Að þiggja óheimila aðstoð.
5. Að ef ökumaður, hópur hans eða aðstoðarmenn reyna að áreita starfsmenn keppinnar á einhvern hátt.
6. Að stytta sér leið í braut.
7. Að stoppa ekki til skoðunar eftir keppni.
8. Að nota ekki réttan öryggisbúnað.
9. Að sýna aðgæsluleysi á viðgerðarsvæði.
10. Að leyfa óskráðum ökumanni að aka keppnisleða sínum í upphitun eða í keppni á braut.
11. Að aka með hjálm án þess að festa hann.
12. Ef neyðarádrepari virkar ekki sem skyldi, verður ökumaður dæmdur úr leik í

þeim riðli.

13. Að hlíða ekki fyrir mælum keppnisstjóra.

MERKJAGJÖF

- Hafi ökumaður velt eða drepit á sleða skal hann lyfta báðum höndum upp fyrir höfuð til að gefa til kynna að hann hreyfi sig ekki úr stað fyrr en allir hafa farið framhjá og einnig til að gefa til kynna að sé ómeiddur. Gildir þangað til að það er óhætt og þú sérð að það er gult flagg uppi.

SLASAÐIR ÖKUMENN/SKEMMDIR SLEÐAR

1. Slasaður eða á annan hátt óhæfur ökumaður eða skemmdur sleði skulu útilokaðir frá keppni. Keppnisstjóri getur gert undantekningu telji hann ökumann eða sleða ekki hættulegan sjálfum sér, öðrum keppendum eða starfsmönnum.
2. Keppandi má **ekki** fá utanaðkomandi aðstoð innan brautar. Brautarstarfsmönnum er heimilt að aðstoða að því gefnu að gult flagg sé á lofti og að öryggi starfsmanna sé ekki ógnað.

ENDURRÆSING KEPPNI

1. Keppnisstjóri getur endurræst keppni ef honum sýnist svo.
2. Í því tilfalli þar sem einn eða fleiri sleðar lenda í tjóni, getur skoðunarmaður í samráði við keppnisstjóra úrskurðað sleða óhæfa til endurræsingar. Full öryggisskoðun á sleða/sleðum verður að hafa farið fram áður en keppni er haldið áfram.
3. Alla sleða skal stöðva undir rauðu flaggi. Sjá kafla um [Flögg](#)
4. Röð keppenda í endurræsingu fer eftir röð í síðasta gilda hring. Ef minna en 1 hringur hefur verið ekinn skal endurræsa á ráslínu í upphaflegri röð.
5. Við endurræsingu þar sem ekinn hefur verið meira en 1 hringur skulu keppendur mæta á ráslínu innan tveggja mínútna.
6. Keppnistjóra er heimilt að endurræsa keppni á þeim tíma sem hann telur henta best.

BRAUT YFIRGEFIN

1. Ökumenn verða að halda sig við merkta braut. Keppnisstjóri má dæma þá úr leik eða refsa með 4 stiga frádrátt fyrir að fara út fyrir merkta braut.
2. Ökumenn mega ekki stoppa í braut. Ef nauðsyn krefur (bilanir) skal stöðva við innri brún brautar. Ökumaður skal láta það hafa forgang að fjarlægja sleða úr braut til að valda ekki hættu.

LOK KEPPNI

1. Keppni lýkur þegar síðasti ökumaður ekur yfir endamark.
2. Ökumaður er talinn hafa lokið keppni, þó sleði bili, komi hann honum í mark með eigin vöðvaafli
3. Ljúka þarf a.m.k. 50% af hverjum riðil til þess að eiga rétt á stigum að hverju sinni, t.d. ef keppandi klárar riðil 1, en bara 30% af riðil 2 og ræsir ekki í riðil 3, þá fær hann einungis stig fyrir fyrsta riðil. Prósentu er ákveðin af tímatökumanni hverju sinni.

STIGAGJÖF

1. MSÍ áskilur sér rétt til að flytja keppendur upp um flokk ef þörf krefur.
2. Óheimilt er að færa sig niður um flokk milli ára nema með heimild MSÍ stjórnar.
3. Íslandsmeistara í Sport og Pro Lite ber skylda að færa sig upp um flokk milli ára, að því gefnu að keppandi hafi aldur til þess.
4. Stig úr öllum keppnum gilda í viðkomandi mótaröð.

Stigagjöf er eftirfarandi:

Sæti	Riðill/Úrslit	Sæti	Riðill/Úrslit
1	25 stig	7	14
2	22 stig	8	13
3	20 stig	9	12
4	18 stig	10	11
5	16 stig	11	10
6	15 stig	Og niður frá því	

VERÐLAUN/VIÐURKENNINGAR

1. Verðlaun verða veitt samkvæmt dagskrá keppinnar.
2. Sá keppandi sem hlýtur samanlagt flest stig úr öllum riðlum telst vera sigurvegari, ef tveir eru jafnir vinnur sá er vann seinasta riðil keppinnar.
3. Keppandi sem unnið hefur til verðlauna skal mæta í verðlaunaafhendingu og taka við sínum verðlaunum
4. Verðlaunahafar geta fengið leyfi hjá keppnisstjóra til að yfirgefa keppnissvæði áður en verðlaunaafhending fer fram ef rík ástæða er til

ÖKUMAÐUR

KRÖFUR KEPPNISLEÐA

Keppnisleðinn er á ábyrgð ökumanns. Ávíta má ökumann sé sleðinn breyttur svo líta megi á það sem svik við aðra keppendur og keppnisstjórn.

TÍMATÖKUSENDAR

1. Tímatökusendur skal vera í samræmi við tímatökubúnað.
2. Keppandi er ábyrgur fyrir því að sendir sé fullhlaðinn á keppnisdegi og tryggilega festur kúplingsmegin eigi ofar en 120cm frá jörðu og ekki framar en sveifarás vélar.
3. Sendar eru prófaðir með þar til gerðu tæki frá framleiðanda. Ef sendir stenst ekki prófun hefur keppandi tækifæri á að útvega sér annan tímatökusendi en tilkynna verður tímatökumanni um breytinguna.

SKYLDUR KEPPENDA

1. Keppendur skulu ávallt fara eftir fyrirmælum starfsmanna keppinnar.
2. Keppandi skal tilkynna næsta starfsmanni keppinnar ef slys á sér stað í braut.
3. Sannist að keppendur hindri framúrakstur annarra keppenda, loki leiðum fyrir öðrum keppendum að yfirlögðu ráði, eða torveldi með einum eða öðrum hætti framgang annarra keppenda getur það varðað brottvísun úr keppni. Sama á við um aðra óíþróttamannslega hegðun. Brautarverðir tilkynni slíkt til keppnisstjóra.
4. Telji keppnisstjórn eða dómnefnd að keppandi sýni vítavert gáleysi í akstri, getur það varðað brottvísun úr keppni. Keppnisstjórn getur stöðvað þátttöku keppenda hvenær sem er, teljist þeir óhæfir til keppni.
5. Eftir að keppnisbrautum hefur verið valinn staður, er akstur keppnisleða á þeim bannaður, nema samkvæmt dagskrá, að viðlagðri brottvísun úr keppni.
6. Keppandi ber ábyrgð á aðstoðarmönnum sínum og að þeir uppfylli framangreind skilyrði.
7. Öll brot aðstoðarmanna á reglum þessum eða fyrirmælum starfsmanna keppnisstjórnar skrifast á viðkomandi keppendur og þeim refsað sem þeir hafi brotið af sér sjálfir.
8. Aðstoðarmanni er með öllu óheimilt að vera á ráslínu við ræingu
9. Öll rafræn samskipti við ökumann (talstöð/sími) innan brautar eru með öllu óheimil

ÖRYGGISBÚNAÐUR ÖKUMANNA

Þessar almennu öryggisreglur gilda um **alla** flokka, nema annað sé tekið fram. Allir keppendur og aðstoðarmenn eru skyldugir til að vera fullkunnugt um eftirfarandi reglur og hlíta þeim.

1. Heilir hjálmur eru skilyrði. Lakk sprunginn hjálmur er ónýtur. Gæðavottun frá Snell, ECE eða DOT, er einnig skilyrði. Þetta er einnig skilyrði á æfingasvæði. Hjálmarnir verða ávallt að vera örugglega festir.
2. Mælt er með notkun hálskraga.
3. Skylda er að vera með hnéspelkur á báðum fótum, hnéspelkur þurfa að uppfylla eftirfarandi skilyrði: Hlíf yfir hnéskel, liður með stoppara.
4. Hanskar og klæðnaður, skylda er að vera með góða hanska og viðurkennda sleðaskó eða sambærilegt (t.d. snjóbrettaskó).
5. Augnvörn er skylda. Skylda er að hefja keppni með augnvörn, ef ökumaður sér ástæðu til að fjarlægja augnvörn þá er það á eigin ábyrgð. Eigi ökumaður að nota sjóngler skv. ökuskrteini ber honum einnig að gera það í keppni.
6. Skylda er að vera með heilbrynju fyrir bak, bringu og hliðar sjá nánar á skýringarmynd (Tek Vest og fleiri viðurkenndar snjóbrynjur) Brynjur úr hörðu plasti uppfylla ekki þessi skilyrði.

Dæmi um góða brynju

- a) [Tek vest](#)
- b) [Hmk](#)
- c) [Evs](#)
- d) Leatt Adult Fusion 3.0

7. Mælt er með olnbogahlífum í allri keppni.
8. Gallabuxur, gallajakkar, vinnugallar, stuttermabolir og allur almennur fatnaður með dónalegum áletrunum er bannaður
9. Öllum spurningum varðandi öryggisbúnað skal beina til Snocrossnefndar MSÍ



AUÐKENNI ÖKUMANNA NÚMER OG MERKI

1. Ökumenn skulu nota þau númer sem þeir fengu úthlutað.
2. Vitlaust merktur sleði flokkast sem ómerktur sleði og er því refsiverður, undantekning er gerð séu tveir að keppa á sama sleða.
3. Númer skal vera á báðum hliðum sleðans, hvort sem er á hliðarhlífum eða á númeraplötum á skúffu u.m.b. 15 cm háir stafir og 19 mm breiðir. Einnig er mælt með að keppandi beri keppnisnúmer á bakinu.
4. Ástand númera er á ábyrgð ökumanns og má neita honum um stigagjöf séu þau ekki í lagi.
5. Sá aðili sem leiðir í stigum til Íslandsmeistara í hverjum flokk er heimilt að nota númeraplötur með rauðum bakgrunn og hvítum stöfum í fyrstu umferð, sem merki um stöðu sína í mótariðinni. Sá sem leiðir meistaramótið í byrjun dags er heimilt að nota rauðan bakgrunn þann daginn. Miðað er við stigastöðu í upphafi keppni.
6. Númeraplötur skulu vera með réttan bakgrunn að hverju sinni, flokkaskipting er eftirfarandi:
 - a. **Pro (35+)** - Hvítur bakgrunnur með svörtum stöfum.
 - b. **Sport** - Svartur bakgrunnur með hvítum stöfum.
 - c. **Byrjendaflokkur** - Gulur bakgrunnur með svörtum stöfum.
 - d. **Kvennaflokkur** - Bleikur bakgrunnur með svörtum stöfum.
 - e. **Unglingaflokkur** - Hvítur bakgrunnur með svörtum stöfum.



KEPPNISMERKINGAR/AUGLÝSINGAR

1. Keppendum er heimilt að setja hvaða auglýsingar sem er á sleðana að því tilskildu að þær:
 - a) Samrýmist íslenskum lögum og reglum MSÍ um auglýsingar.
 - b) Innihaldi ekki móðgandi efni og stangist ekki á við almennt velsæmi.
 - c) Þrengi ekki að keppnismerkingum.
 - d) Trufli ekki útsýni keppenda eða skapi að öðru leyti hættu.
2. Hver sá sleði sem ekki uppfyllir þau skilyrði mun ekki verða veitt rásleyfi.

FRAMFERÐI Á KEPPNISSTAÐ

1. Ljótt orðbragð, rógur og móðganir geta valdið brottvísun af keppnisstað
2. Hver sá sem hótar líkamlegu ofbeldi eða móðgar starfsmenn keppni, ökumann, aðstoðarmenn o.s.frv. mun sæta refsingu eða brottvísun. Refsing er ákveðin af keppnisstjóra

LYFJAEFTIRLIT

- Reglur ÍSÍ og FIM varðandi lyfjanotkun gilda í öllum keppnum og æfingum á vegum MSÍ og geta keppendur nálgast nánari upplýsingar á vef www.isisport.is og www.fim.ch
- Keppendur sem ekki sinna tilmælum keppnisstjórnar, lyfjaeftirlits ÍSÍ eða annarra aðila sem málið varðar verða kærðir til aganefndar MSÍ og geta átt von á allt að tveggja ára keppnisbanni

BREYTINGAR/TÚLKUN

1. Keppnisstjórn og dómnefnd áskilja sér rétt til að leiðrétta eða bæta við ákvæði í gildandi reglum skv. lögbók. Þátttakendum verður tilkynnt um allar breytingar.
2. Allar leiðréttingar og viðbætur við reglurnar verða tilkynntar á vef MSÍ og verða hluti núverandi reglna.
3. Keppnisstjóri er ábyrgur fyrir því að beita þessum reglum og viðaukum þeirra á meðan keppni stendur í samráði við keppnisstjórn

REGLUR UM SLEÐA

VÉL

- Almennt gildir 600cc stærðartakmark í flokkum nema í byrjendaflokk, þar eru allar vélarstærðir leyfðar
- Í unglingsflokk verður vél og útblásturskerfi (pípa/endakútur) að vera með öllu óbreytt, heimilt er að stilla kúplingar að vild

DRIF

- Drifkerfi verður að vera óbreytt. Nota má hvaða vigtar, gorma, reimar og drifhlutföll sem fánleg eru frá viðurkenndum framleiðanda sem íhluti.

FRAMFJÖÐRUN OG STÝRING

- Hámarksbreidd 125cm milli meiða.
- Breyta má fjöðrunarlengd
- Styrkja má hluti með suðu og álagningu
- Nota má hvaða dempara sem er
- Nota má hvaða stýri sem er, endar stýris verða að vera lokaðir og stýri með púða. Handföngum má breyta

STJÓRNTÆKI

- Bremsa skal vera virk og vera vinstra megin á stýri.
- Eldsneytisgjöf skal vera þumalgjöf.
- Ekki má nota strappa yfir fætur í stigbretti, heimilt er að nota flatjárn eða sambærilegt efni en ökumaður þarf að geta sýnt fram á að hann losni frá því ef hann skyldi detta

LJÓS

- Afturljós og bremsuljós eiga að vera virk.

SKÍÐI

- Nota má hvaða skíði sem er. Skíði verða að vera með lykkjum að framan og lykkjan verður að ná fram fyrir og undir enda skíðisins að framan. Skíði má styrkja. Hámarkslengd karbíts er 10" og topphorn 60°. Stýrismeiðar mega vera að hámarki 16 mm háir.

BÚKKAFJÖÐRUN

- Meiða má ekki stytta eða beygja.
- Fjarlægja má og bæta við hjólum.
- **Meiðasmurning bönnuð.**
- Breyta má gormum og dempurum.

BELTI OG SPYRNA

- Aðeins leyfð gúmmíbelti
- Allar lengdir má nota.
- Belti verður að vera steipt í heilu lagi og vera frá viðurkenndum framleiðanda.
- Beltisbreidd er ótakmörkuð. Negla má 108 nagla í miðju beltis. Naglar mega ná 9 mm upp fyrir spyrnur. Naglar verða að vera festir fyrir aftan heila spyrnu. Naglar skulu vera sívalir og 60° oddur. Ekki má negla yfir merkingu beltis. Ítrekuð brot á reglum geta valdið brottvísun úr keppni og keppnisbanni.

GRIND OG SKROKKUR

- Skrokkur skal vera upprunalegur með framleiðslunúmerum.
- Styrkja má með suðu og álagningu.
- Húdd má ekki fjarlægja.
- Sæti skal vera á sleða.
- Hlífðarpönnur má nota en verða að vera vel festar.
- Styrkja má skúffu við búkka festingar.
- Skúffuvörn/Naglavörn má breyta að vild.
- Afturstuðurum má breyta.
- Framstuðara má ekki bæta við né breyta.
- Drullusokkur/Snjósokkur skal vera á sleða. Hann skal vera upprunalegur eða úr sambærilegu efni (hörðu plasti). Hann verður að ná út fyrir skúffu að lágmarki 2,5 cm báðu megin. Hann verður einnig að ná niður í jörð þegar að ökumaður situr á sleðanum.
- Að viðbættu þarf að festa strappa frá skúffu í drullusokk beggja megin, til að

tryggja að drullusokkur lyftist ekki meira en 45 gráður.

RAFKERFI OG KVEIKJA

- **Allir** sleðar skulu útbúnir neyðarádrepara sem verður alltaf að vera virkur. Þetta er á ábyrgð ökumanns.
- Hámarkslengd ádrepara snúru er 1,5m.
- Neyðarádrepara snúra verður að vera tryggilega fest ökumanni.
- Neyðarádreparinn verður að vera tryggilega festur og má ekki vera á stýri.
- Ádreparinn verður að drepa á rafknúnum bensíndælum.
- Tryggilega verður að vera gengið frá rafgeymum.
- Ádrepari verður að vera á stýri.
- Fjarlægja má raflagnir.
- Bremsuljós skulu vera virk í upphafi keppni, varin brotum með glærri filmu.

ELDSNEYTI

- Nota má hvaða bensín sem er
- Nota má hvaða tvígengisolíu sem er.

SKYLDU NIÐURRIF

- Brautarstjóri getur valið hvaða sleða sem er til niðurrifs og skoðunar, þá verða ökumenn látnir vita að keppni lokinni.
- Neiti ökumaður er hann dæmdur úr leik.
- Ökumaður eða aðstoðarmaður rífa niður eftir óskum brautarstjóra.
- Samsetning er ekki á ábyrgð skoðunarhópsins.
- Ökumaður og aðstoðarmaður hans eru þeir einu sem mega vera á svæði niðurrifs/skoðunar. Á meðan þessu stendur eru keppnishaldarar ekki ábyrgir fyrir sleðanum.

ÚRSLIT/KÆRUR/ÁFRÝJANIR

ÚRSLIT

- Úrslit verða birt eftir hverja grein. Einnig skulu birt úrslit í einstökum brautum/riðlum á sama stað.
- Eftir keppni skulu allir sleðar í verðlaunasæti fara í pít þar til skoðun lýkur. Aðrir mega yfirgefa keppnisstað.
- Keppnishaldara er skylt að skila úrslitum til MSÍ á tölvutæku formi undirritað af keppnisstjóra

KÆRUR/ÁFRÝJANIR

- Allar kærur og áfrýjanir eru meðhöndlaðar skv. lögum MSÍ.
- Kærufrestur að riðil loknum er 30mín og er kæra afgreidd um leið og kostur er

Stjórn Snocrossnefndar MSÍ

Meðlimir í stjórn MSÍ eru:

- Axel Þórhallsson (axel@pedro.is)
- Baldvin Þór Gunnarsson (baldvin85@gmail.com)
- Bergsveinn Ingvar Friðbjörnsson (bfridbjornsson@gmail.com)
- Bjarki Sigurðsson (bjarki7c@gmail.com)
- Ívar Már Halldórsson (ivarmar12345@gmail.com)
- Marínó Þór Jónasson (marino@fvak.is)

Akureyri 10. okt. 2023

Snocross Nefnd MSÍ